

Utanríkisráðuneytið
Andri Júlíusson sendiráðunautur
Rauðarástíg 25
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2020

Efni: Afstaða Félags atvinnurekenda til tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni utanríkisráðuneytisins frá 9. október sl. um að félagið greini frá afstöðu sinni vegna úttektar á „hagsmunum Íslands af óbreyttum tollasamningi við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur, með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa frá gildistöku hans.“

Í beiðni ráðuneytisins voru nokkrar spurningar, sem svarað er í þeirri röð sem þær voru settar fram.

I. Hver er afstaða ykkar til núverandi tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins frá 2018?

Afstaða Félags atvinnurekenda til samningsins hefur frá upphafi verið jákvæð. Félagið hvatti stjórnvöld eindregið til þess á sínum tíma að útvíkka tollfrjálsa verzlun við Evrópusambandið. Félagið er þeirrar skoðunar að samningurinn hafi nú þegar haft veruleg jákvæð áhrif, og eigi að gera breytingar eigi þær að felast í frekari útvíkkun á fríverzlun en ekki að klukkunni verði snúið til baka, hvað þá að samningnum verði sagt upp, eins og fram hefur komið að sé til umræðu innan ríkisstjórnarinnar.¹

II. Hver er forsenda þeirrar afstöðu?

1. Almenn um tolla

Félag atvinnurekenda hefur alla tíð talað fyrir fríverzlun og niðurfellingu tolla í milliríkjaviðskiptum. Það er almennt viðurkennt í hagfræðinni að verndarstefna í þágu einstakra atvinnugreina eða landsvæða, í formi tolla eða tæknilegra viðskiptahindrana, skaði almannahag.

Í skilagrein starfshóps, sem skilaði af sér tillögum árið 2015 um afnám allra tolla á innflutningi, öðrum en matvörum, sagði m.a.: „Þegar tollur er lagður á innflutta vöru hækkar verðið sem innlendir neytendur þurfa að greiða fyrir vöruna sem aftur minnkar eftirspurn eftir henni. Í skjóli verðhækkunar geta innlendir framleiðendur sömu vöru hækkað vöruverð umfram heimsmarkaðsverð og það getur leitt af sér innlenda offramleiðslu. Tollar minnka þannig magn innflutnings og færa innlenda markaðinn nær því jafnvægi sem myndi vera ef engin alþjóðaviðskipti væru möguleg.“

¹ Sigurður Ingi Jóhannsson: „Landbúnaður – hvað er til ráða?“ *Morgunblaðið* 10. október 2020, bls. 21.

Í plagginu eru jafnframt færð rök fyrir því að tollar dragi úr heildarábata og myndi svokallað allratap: „Með álagningu tolla hefur ríkið sem þriðji aðili afskipti af viðskiptum og því hærrí sem þeir eru því meira verður allratapið. Álagning tolla rýrir þannig hagkvæmstu ráðstöfun takmarkaðra framleiðsluþátta.“²

Undir þetta getur FA tekið heils hugar. Þessi almennu hagfræðilögmál eiga við um landbúnaðarvörur rétt eins og allar aðrar vörur.

2. Innihald samningsins

Samningurinn er gerður með tilvísun til 19. greinar samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, en þar skuldbinda aðildarríkin sig til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Ísland og ESB sömdu árið 2015 um gagnkvæma niðurfellingu tolla á samtals 345 tollskrárnúmerum. Þar af voru 244 þegar á núlltoll í íslensku tollskránni, aðallega ýmsar sykurvörur, gerjaðir drykkir með lágu alkóhólinnihaldi og ýmsar fóðurvörur. Af 101 tollskrárnúmeri sem eftir stóð má nefna villibráð, ýmsar súkkulaðivörur, kex og brauð, pitsur og bökur, fyllt pasta, bollasúpur o.fl. Þá voru stöku tollar lækkaðir af Íslands hálfu, til dæmis Íslandsmethafinn í skattlagningu, 76% tollur á franskar kartöflur, sem fór niður í 46%, og tollar á ís, frostpinna og sambærilegar vörur. Í töflunni hér að neðan eru tekin dæmi af þeirri breytingu sem varð við gildistöku samningsins í maí 2018.

Vara	Kr./kg var	Kr./kg er nú	% var	% er nú
Franskar kartöflur	-	-	76%	46%
Ís, frostpinnar, sorbet o.fl.	110	66	30%	18%
Pitsa með osti	54	0	-	-
Pitsa með kjöti	99	0	-	-
Fyllt pasta með osti	35	0	-	-
Fyllt pasta með kjöti	41	0	-	-
Bollasúpur	21	0	-	-
Fyllt súkkulaði	52	0	-	-
Ófyllt súkkulaði	48	0	-	-
Piparkökur	32	0	-	-
Kremkex	19	0	-	-
Brauð með hvítlaukssmjöri	40	0	-	-
Heslihnetusmjör	48	0	-	-
Súkkulaðikex	17	0	-	-

Auk þessara gagnkvæmu tollaniðurfellinga og -lækkana sömdu aðilar um verulega stækkun á gagnkvæmum, tollfrjálsum innflutningsheimildum, svokölluðum tollkvótum. Almennur tollur á vörunni er þá óbreyttur en heimilaður innflutningur á ákveðnu magni án tolla. Yfirlit um þá kvóta fyrir gildistöku samningsins og eftir að stækkun verður komin að fullu fram árið 2022 má sjá í eftirfarandi töflu.

² Fjármála- og efnahagsráðuneytið: *Skilagrein starfshóps um endurskoðun tollskrár*, 2015, bls. 2

Tollkvóti sem Ísland veitir ESB

Vara	Tollkvóti fyrir samning (tonn)	Tollkvóti eftir 4 ár (tonn)
Nautakjöt	100	696
Svínakjöt	200	700
Alifuglakjöt	200	856
Lífrænt alifuglakjöt	0	200
Saltað, þurrkað og reykt kjöt	50	100
Upprunaverndaður ostur	20	230
Ostur	80	380
Pylsur	50	250
Unnar kjötvörur	50	400
Samtals	750	3.812

Tollkvóti sem ESB veitir Íslandi

Vara	Tollkvóti fyrir samning (tonn)	Tollkvóti eftir 4 ár (tonn)
Kindakjöt	1.850	3.050
Unnið kindakjöt	0	300
Svínakjöt	0	500
Alifuglakjöt	0	300
Skyr	380	4.000
Smjör	350	500
Ostur	0	50
Pylsur	100	100
Samtals	2.680	8.800

Til viðbótar var lokið samningi milli Íslands og ESB um gagnkvæma viðurkenningu á heitum afurða sem vísa til uppruna, t.d. Parmaskinka, fetaostur o.s.frv. Í meginatriðum felur samningurinn í sér að íslensk stjórnvöld skuldbundu sig til að vernda heiti afurða sem vísa til uppruna og njóta verndar innan ESB, en þau eru fjölmörg.

3. Hagur neytenda og innflutningsverzlunar

Ekki fer á milli mála að verð hefur lækkað á þeim innfluttu vörum frá ESB sem samningurinn tekur til, miðað við það sem ella hefði orðið. Samningurinn hefur jafnframt stuðlað að stóruknu úrvali í verzlunum af kjötvörum á hagstæðu verði, t.d. nautalundum,



Athyglisvert dæmi um áhrif tollasamningsins. Upprunaverndaður grískur fetaostur á mun hagstæðara verði en íslensk framleiðsla. Heiti innlendu vörunnar brýtur ákvæði samningsins um vernd afurðaheita.

kjúklingabringum, villibráð, margs konar skinkum, pylsum og kæfum sem eru þekktar útflutningsvörur framleiðslulandanna og eftirsóttar um allan heim en ekki á færi íslenskra neytenda að kaupa til skamms tíma vegna gífurlega hárra tolla. Sama má segja um margs konar sérosta, ekki sízt þá upprunavernduðu, sem ekki er hægt að líta svo á að séu í beinni samkeppni við íslenska framleiðslu, enda eru eðli málsins samkvæmt engar hliðstæðar vörur framleiddar á Íslandi.

Samningurinn hefur þannig gagnast innflutnings-verzluninni afar vel við að mæta óskum íslenskra neytenda, sem gera æ skýrari kröfu um sambærilegt úrval gæðamatvöru og finnst í nágrannalöndum Íslands í Evrópu. Samningurinn hefur sömuleiðis auðveldað innflytjendum og dreifingaraðilum að anna eftirspurn eftir tilteknum vörum, sem hafa hreinlega ekki verið framleiddar í nægilegu magni innanlands til að mæta þöntunum frá birgjum. Þar má nefna alifuglakjöt, svínakjöt, nautakjöt, sérstaklega í hærri gæðaflokkum, og villibráð. Eftir breytingu á búvörulögum um síðustu áramót, þar sem afnuminn var möguleiki á að ráðherra gefi út svokallaða skortkvóta á lægri tollum ef innlendu vöruna vantar, eru ESB-tollkvótarnir helzta tækið til að jafna framboð á ýmsum kjötvörum og koma í veg fyrir skort og tilheyrandi verðhækkanir.



Gott úrval er nú af innfluttum skinkum og pylsum frá ESB-riki í mörgum stórmörkuðum.

Hvað varðar þær vörur, sem tollar voru ekki lækkaðir á heldur tollkvótar stækkaðir, er verðlækkunin minni en ella vegna þess að atvinnuvega-ráðuneytið hefur haldið því til streitu að bjóða innflutningsheimildirnar upp. Ofan á verðið bætist því útboðsgjald, sem hefur á undanförunum árum stundum slagað hátt upp í almennan toll á vörunni. Undantekning frá þessu er tollkvótinn fyrir sérosta, sem vegna áður nefndrar sérstöðu

eru ekki taldir í samkeppni við innlenda framleiðslu og er tollkvótanum þar úthlutað með hlutkesti. Stækkun tollkvótanna og nýtt kerfi í kringum útboðin á þeim hafa í sameiningu stuðlað að því að útboðsgjaldið hefur lækkað töluvert frá því sem var fyrir gildistöku sammingsins og hafa neytendur notið þess í verðlækkunum.

Uppsögn sammingsins myndi án nokkurs vafa valda því að verð hækkaði og úrval minnkaði í matvöruverzlunum. Klukkunni yrði snúið rækilega aftur á bak.

4. Veitingahúsamarkaðurinn

Tollasamningurinn hefur skipt miklu máli fyrir hraðvaxandi veitingahúsamarkað, bæði hvað varðar verð og úrval. Tollalækkanir og tollkvótar hafa þýtt að innflytjendur hafa getað svarað eftirspurn veitingamanna eftir margs konar vöru, sem ekki hefur verið fáanleg frá innlendum framleiðendum. Þar er líklega efst á lista nautakjöt í hæstu gæðaflokkum, sem afar lítið framboð er af frá innlendum framleiðendum. Fram hefur komið að við upptöku nýs, evrópsks kjötmatskerfis hér á landi séu aðeins notaðir 11-13 flokkar af 15, vegna þess að ekki séu til gripir á pari við beztu holdanautgripi í Evrópu.³ Viðleitni síðustu ára til að kynbæta íslenska nautgripi hefur hvergi nærri náð að svara eftirspurn veitingahúsamarkaðarins eftir gæðakjöti.

Af öðrum vörum, sem innflytjendur hafa getað útvegað veitingahúsum en ekki eru til hjá innlendum framleiðendum, má nefna kálfakjöt, villibráð á borð við fasana, lynghænu og rjúpu, ýmiss konar skinkur og pylsur, aliendur og fleira af því taginu. Veitingamenn hafa jafnframt sótt eftir foreldaðri vöru af ýmsu tagi, sem ekki hefur verið til hjá innlendum framleiðendum.

Iðulega hefur það líka komið upp að innlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn eftir tilteknum vörum fyrir veitingamarkaðinn, t.d. nautahakki, svínasíðum, kjúklingalærakjöti o.s.frv. og er þá ekki annar kostur en að flytja vöruna inn.

Ekki leikur neinn vafi á að uppsögn tollasammingsins myndi greiða veitingahúsageiranum, sem er að reyna að ná sér á strik eftir kórónaveirukreppuna, þungt högg.

5. Tækifæri og hvatning fyrir landbúnaðinn

Tollasamningurinn bjó til stóraukin tækifæri fyrir útflutning íslenskra landbúnaðarafurða á ESB-markað, eins og sjá má í töflunni hér að framan. Tollkvótar íslenskra útflytjenda í ESB eru 2,3 sinnum stærri í tonnum talið en tollkvóti fyrir vörur frá ESB hér á landi. Samið var um ellefuföldun á tollkvóta fyrir skyr, hátt í tvöföldun á tollkvóta fyrir kindakjöt og aðgang fyrir vörur sem ekki höfðu áður átt tollfrjálsan aðgang að ESB-markaðnum eins og alifuglakjöt, svínakjöt og osta.

³ „Rjúfa einsleitni í nautakjöti“. *Morgunblaðið* 12. september 2017, bls. 14.

Þessir tollkvótar voru fengnir fram að kröfu bænda og afurðastöðva í landbúnaði, eins og margoft hefur komið fram. Í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar, þáverandi landbúnaðarráðherra, við fyrirspurn um tollasamninginn á Alþingi í nóvember 2015 sagði:

„Rétt [er] að halda því til haga að vorið 2011 fóru Landssamtök sláturleyfishafa og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði þess á leit við stjórnvöld að þau beittu sér fyrir samningum við ESB um stærra tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir lambakjöt og skyr á markaði sambandsins. Á sama tíma óskaði Svínaræktarfélag Íslands eftir því við ráðuneytið að greininni yrði tryggður útflutningskvóti til ESB.“⁴

Af hálfu formanna tveggja stjórnarflokkanna hefur að undanfögnu komið fram að landbúnaðurinn hafi ekki nýtt þau tækifæri til útflutnings, sem í samningnum liggja, á þeim rúmlega tveimur árum sem hann hefur verið í gildi. Það sætir nokkurri furðu. Áður en farið er að íhuga breytingar eða jafnvel uppsögn samningsins hlýtur að vera frumforsenda að leitt verði fram hvers vegna tækifærin til vöruþróunar og markaðssóknar hafi ekki verið gripin og hvað fór svona herfilega úrskaiðis í áætlunum bænda og afurðastöðva. Miðað við þá sérstöðu, sem íslenskar búvörur njóta hvað varðar gæði, hollustu og hreinleika að mati talsmanna landbúnaðarins, hlýtur það að valda vonbrigðum ef ekki hefur tekizt að finna markað fyrir þær í Evrópulöndum.

Að mati FA er full ástæða til að láta reyna betur á útsjónarsemi útflytjenda landbúnaðarafurða. Svo vitnað sé í sama svar þáverandi landbúnaðarráðherra:

„Ekki hefur verið lagt verðmætamat á áhrif auðveldara aðgengis fyrir íslenskar búvörur að innri markaði ESB, enda ekki ljóst hvort tekst að nýta þau tækifæri að fullu, a.m.k. fyrst í stað. Hér ber enn að hnykkja á því að frumkvæði að samningum við ESB er komið frá bændum sjálfum.“⁵

Þótt landbúnaðurinn hafi e.t.v. ekki enn fullnýtt tækifæri sín til útflutnings á Evrópumarkaðinn, hefur tollasamningurinn að mörgu leyti orðið honum hvatning til að gera betur. Engin atvinnugrein hefur gott af því að hafa ekki samkeppni. Samkeppni á innanlandsmarkaði með íslenskar landbúnaðarvörur hefur verið takmörkuð og erlend samkeppni nánast engin vegna gífurlega hárra tolla. Greinin hefur haft lítinn hvata til hagræðingar, markaðssóknar eða vöruþróunar. Undantekningin er grænmetisrækt, en niðurfelling tolla af nokkrum grænmetistegundum árið 2002 varð garðyrkjubændum hvatning til að ráðast í stórfellda vöruþróun og markaðssetningu, með þeim árangri að þeir hafa stóraukið framleiðslu sína af viðkomandi vörum. Einnig mætti nefna niðurfellingu tolls á kartöflusnakk í ársbyrjun 2017. Iðnfyrirtæki, sem framleiddu snakk úr innfluttu hráefni, kvörtuðu sáran undan niðurfellingunni. Staðreyndin er hins vegar sú að eftir að tollurinn var felldur niður hafa frumkvöðlar náð frábærum árangri með kartöflusnakk unnið úr íslenskum kartöflum og anna ekki eftirspurn markaðarins.

Framleiðsla kjöt- og mjólkurvara hefur fengið aukna samkeppni vegna tollasamningsins, sem hleypir tilteknu magni af t.d. kjötvörum og ostum inn á markaðinn á verði, sem er samkeppnishæft við innlenda framleiðslu. Ef hlutföll tollkvótanna af sölu innanlands eru

⁴ Svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um áhrif samnings við ESB um tollaniðurfellingu og tollalækkun á landbúnaðarvörum. 145. löggjafarþing, þingskjal 343 – 167. mál.

⁵ Sama heimild.

skoðuð, verður þó ekki ályktað að þetta sé samkeppni sem íslenskur landbúnaður getur ekki tekizt á við.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hlutfall tollkvóta samkvæmt samningnum á árinu 2020 af innanlandssölu viðkomandi vöruflokks árið 2019. Eins og sjá má er hlutfallið í kjötvörum á bilinu 8-9% og í ostum um 7%. Ef farin er sú leið, sem Bændasamtök Íslands hafa viljað fara, að umreikna tollkvóta fyrir kjöt yfir í skrokka með beini (og gefa sér um leið að allur kjötinnflutningur sé beinlaus, sem hann er ekki) er hlutfallið í nauta-, svína- og alifuglajakjöti á bilinu 13-14%.

ESB-tollkvótar (tölur í tonnum)					
Vara	Tollkvóti 2020	Sala 2019	Hlutfall sölu 2019	Tollkvóti umr. í kjöt með beini	Hlutfall af sölu 2019 – með beini
Nautakjöt	547	6.184	8,85%	913,5	14,77%
Svínakjöt	700	8.669	8,07%	1.169	13,48%
Alifuglajakjöt	1.056	12.085	8,74%	1.763,5	14,59%
Ostar	490	6.780	7,2%	-	-

Heimildir: Hagstofan, utanríkisráðuneytið, Matvælastofnun, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Þessi takmarkaða samkeppni hefur engu að síður hvatt landbúnaðinn til dáða. Dæmi um það eru áður nefndar kynbætur í nautgriparækt, sem hugsaðar eru til að mæta aukinni samkeppni frá innflutningi og til að geta boðið nautakjöt í jafnmiklum gæðum og það innflutta. Annað dæmi er þróun Mjólkursamsölunnar og Kaupfélags Skagfirðinga á nýjum, hörðum gæðaostum sem eiga sér ekki hliðstæðu í íslenskri ostagerð til þessa. Sú þróun er viðbragð við aukinni erlendri samkeppni.⁶ Talverð þróun hefur einnig orðið á framboði unninnar og eldaðrar kjötvöru. Þannig nýtur bæði neytenda- og veitingahúsamarkaðurinn ávaxta samkeppninnar, sem aukinn innflutningur hefur í för með sér.

Þá er ótalinn sá ávinningur sem innlendar afurðastöðvar hafa af því að geta flutt inn kjöt í eigin vinnslu, en eins og áður sagði hafa innlendir framleiðendur iðulega ekki annað eftirspurn eftir ýmsum skrokkhlutum, t.d. nautalundum og svínasíðum. Nú er svo komið að innlendir bændur og afurðastöðvar flytja inn og nýta í eigin vinnslu um þriðjung tollkvóta fyrir kjöt, sem samningurinn kveður á um, þar af nærri 80% af svínakjötskvótanum, eins og sjá má í töflunni á næstu síðu. Með henni er raunar ekki öll sagan sögð, því að innlendar afurðastöðvar kaupa einnig kjöt af öðrum innflytjendum sem flytja inn kjöt á ESB-tollkvóta.

Uppsögn tollasamningsins myndi svipta landbúnaðinn mikilvægum samkeppnishvata, stórminnka aðgang hans að markaði Evrópusambandsins og torvelða aðgang afurðastöðva að hráefni.

⁶ „Sala mjólkurafurða farin að minnka“. *Morgunblaðið* 22. janúar 2019, bls. 6.

Tollfrjáls kjötinnflutningur bænda og afurðastöðva skv. tollasamningi við ESB árið 2020 (í kílóum)

	Naut	Svín	Alifuglar	Alifuglar lífrænt ræktaðir	Skinkur	Pylsur	Elduð kjötvara	Samtals
Mata (Matfugl, Ali)	15.752	391.500	155.276		11.200			573.728
Stjörnugrís			136.000		7.000	18.900		161.900
Reykjagarður			48.000					48.000
Kjarnafæði	4.500	35.000				2346		41.846
Sláturfél. Suðurlands		122.000						122.000
Samtals	20.252	548.500	339.276	0	18.200	21.246	0	947.474
Hlutfall í flokki	3,70%	78,36%	39,64%	0,00%	18,20%	8,50%	0,00%	31,03%

6. Breyttar forsendur með Brexit?

Í umræðunni að undanfögnu hefur það verið notað sem röksemd fyrir uppsögn tollasamningsins að Bretland hafi gengið úr Evrópusambandinu. FA er fyrirmanað að sjá hvernig það á að breyta einhverju um gildi samningsins.

ESB var 513 milljóna manna markaður fyrir Brexit, en 447 milljóna eftir útgönguna. Þannig eru neytendur á ESB-markaðnum tæplega 1.230 sinnum fleiri en á Íslandi. Tækifærin fyrir íslenskan landbúnað eru áfram gífurleg, enda eru tollkvótarnir ekki bundnir við einstök aðildarríki heldur markaðinn í heild. Lambakjöt hefur þannig verið selt til margra annarra ESB-ríkja en Bretlands, t.d. Spánnar, Þýskalands, Hollands, Ítalíu, Danmerkur og Svíþjóðar. Samkvæmt því sem fram kemur á vef helzta útflytjanda skyr, Mjólkursamsölunnar, hefur einkum verið horft til uppbyggingar markaða á Norðurlöndum og flutt út „ eins og tollfrjáls kvóti inn á Evrópu heimilar.“⁷ Skyr nýtur hins vegar vinsælda í fjölda annarra ESB-ríkja, t.d. á Möltu, Írlandi, Ítalíu og í Benelux-löndunum.

Hluttur Bretlands í innflutningi búvara til Íslands er takmarkaður, en hluttur Bretlands í útflutningi íslenskra búvara, þá sérstaklega lambakjöts, hefur aftur á móti verið drjúgur undanfarin ár. Á það er að líta að í bráðabirgðasamningi um vöruviðskipti, sem Ísland og Noregur gerðu við Bretland vorið 2019 og gefur væntanlega góða vísbendingu um hvers vænta má í framtíðarfríverzlunarsamningi ríkjanna eftir að aðlögunartímabilinu vegna útgöngu úr ESB lýkur, er kveðið á um gagnkvæma tollfrjálsa innflutningskvóta, byggða á viðskiptum undanfarinna ára. Þannig fær Ísland samkvæmt samningnum tollkvóta í Bretlandi fyrir 692 tonn af kindakjöti og 329 tonn af skyri, en á móti fá Bretar tollkvóta fyrir 30 tonn af osti og 18 tonn af unnum kjötvörum.⁸

⁷ <https://www.ms.is/um-ms/starfsemi/utflutningur>

⁸ *Agreement on trade in goods between Iceland, the Kingdom of Norway and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland*, bls. 30-32.

Vandséð er að markaðsaðgangur íslenskra útflytjenda búvara skerðist að marki við Brexit. Þvert á móti hafa útflytjendur þá bæði aðgang að Bretlandsmarkaði í samræmi við viðskipti undanfarinna ára og auk þess tollkvótana í ESB-löndunum óskerta. Tollkvótar sem Bretland nýtur hér á landi samkvæmt bráðabirgðasamningnum eru 0,5% af ESB-tollkvóta fyrir kjötvörur og 5% af ESB-tollkvótanum fyrir osta.

III. Ef breyta ætti samningnum, hvaða breytingar væru æskilegar?

FA er eindregið þeirrar skoðunar að komi til endurskoðunar á tollasamningnum ætti að útvíkka tollfrjáls viðskipti frekar, í stað þess að hverfa aftur til fortíðar. Raunar verður ekki séð að gert sé ráð fyrir öðru í 19. grein samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem tvíhliða samningar við ESB um viðskipti með búvörur hafa byggzt á, en þar segir: „Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.“

Vel má hugsa sér að hægt sé að skapa frekari markaðsaðgang á Evrópumarkaði fyrir t.d. undanrennuduft svo tekið sé dæmi af afurð sem mjólkuriðnaðurinn vill gjarnan koma á markað erlendis. Sömuleiðis mætti sjá fyrir sér að samningurinn yrði útvíkkaður til sjávarafurða, þannig að þeir fáu tollar á íslenskum sjávarafurðum sem eftir standa í Evrópusambandinu yrðu felldir niður eða tollkvótar stækkaðir á móti frekari ívilnunum fyrir innflutning á búvörum frá ESB-ríkjum hér á landi.

Þar mætti hugsa sér frekari tollaívilnanir fyrir vörur á borð við jógúrt og smjör, þar sem engin tilslökun var gefin í síðasta samningi. Enn eru líka gífurlega háir tollar á blómum (þrátt fyrir fyrirheit íslenskra stjórnvalda um að fella niður tolla af öllum öðrum vörum en mat) og mætti vel sjá fyrir sér tollalækkunar eða tollkvóta fyrir blóm frá ríkjum Evrópusambandsins. Þá er vandséð hvaða tilgangi 46% tollur á frönskum kartöflum þjónar, þar sem einn framleiðandi franskra kartafna starfar á Íslandi; iðnfyrirtæki sem framleiðir vörur sínar að stórum hluta úr innfluttum kartöflum.

IV. Hvert er mat ykkar á þróun innanlandsmarkaðar með landbúnaðarvörur til lengri tíma?

Tímabundinn samdráttur er augljóslega á markaðnum á árinu 2020 vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Að loknum heimsfaraldri má hins vegar gera ráð fyrir að ferðaþjónustan nái sér nokkuð hratt á strik og að sú þróun, ásamt áframhaldandi fólksfjölgun, stuðli að því að markaðurinn jafni sig og innanlandsneyzla á búvörum nái fljótt aftur svipuðu stigi og 2019 og verði í rólegum vexti næstu árin.

Áfram blasir við að innlend framleiðsla á ýmsum vörum, t.d. nautakjöti í hærri gæðaflokkum, svínasíðum, kalkún, kjúklingabringum, villibráð og fleiri vörum sem samningurinn tekur til, mun ekki anna eftirspurn. Innflutningur á hagstæðum kjörum verður áfram mikið hagsmunamál jafnt neytenda- og veitingahúsamarkaðar.

V. Hvert er mat ykkar á þróun innleðrur framleiðslu og útflutningstækifæra til lengri tíma?

Með réttu hvötunum í landbúnaðarkerfinu er hægt að þróa framleiðslu og útflutning á gæðavöru. Ein forsenda þess að íslenskur landbúnaður sé samkeppnisfær á alþjóðlegum mörkuðum er að hann hafi samkeppni á heimamarkaði og þannig hvata til hagræðingar og vöruþróunar.

Margar íslenskar búvörur eru vel samkeppnisfærar í gæðum og landbúnaðurinn ætti að einsetja sér að marka þeim sess á alþjóðlegum mörkuðum og nýta þá þætti í ímynd Íslands sem snúa að hreinni náttúru og hollustu. Landbúnaðinum er lífsnauðsynlegt að marka sér þá stefnu að útflutningsvörur hans séu gæðavörur sem eiga erindi við vandláta neytendur, í stað þess að litið sé á útflutning sem leið til að afsetja umframframleiðslu eða lakari vörur.

Að lokum

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá fagnar félagið tækifæri til að funda með ráðuneytinu, eins og boðað var í áðurnefndu skeyti.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA